

Föstudaginn 4.nóv.2011 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka.  
Fyrir var tekið.

Skrá yfir fjallskilaskildan fénað yfirfarin og leiðrétt. Verð á einingu ákveðið: sauðfé 65 kr. hross 325 kr. landverð 1,8%.

Samin fjárhagsbeiðni varðandi viðhald skála, réttar, girðinga og vega.

Rætt um skilti til að merkja dilka í Miðfjarðarrétt. Ólöfu falið að panta sýnishorn frá Logoflex.

Rætt um fjallskil Alberts Jónssonar í Brúarholti. Í bréfaskiptum fjallskiladeilda Miðfirðinga og Hrútfirðinga vegna samkomulags sem gert var 9.des.2004 sendi fjallskilastjórn Miðfirðinga, fjallskilastjórn Hrútfirðinga bréf þann 17.01.2011 þar sem samkomulaginu er sagt upp frá og með árinu 2011. Því er ljóst að samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra eiga fjallskilagjöld af fjallskilaskyldum fénaði Alberts í Brúarholti að greiðast til fjallskiladeildar Miðfirðinga.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Rafn Benediktsson  
Ari Guðmundur Guðmundsson  
Ólöf Þorsteinsdóttir.